

**Ed.** **563. Frumvarp til laga** [241. mál]

um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi.

Fhm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla, og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnassýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Valtýr Guðmundsson, sem um langt árabíl bjó í Miðdalskoti, keypti í búskapartíð sinni landspildu  $2\frac{1}{2}$  ha. úr landi Laugardalshóla, sem lá að landi Miðdalskots. Hefur hann fyrir löngu fullræktað land þetta til túns, og er það innan girðinga Miðdalskotslands.

Þetta land vill Valtýr láta af hendi við jarðeignadeild ríkisins, en hann hefur nú hætt ábúð á Miðdalskoti, og fá það greitt með óræktaðri landspildu úr Miðdalskotslandi, þar sem það liggur að Miðdalslandi.